

**Nd. 1093. Frumvarp til laga [301. mál]**  
um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 22. maí.)

Samhljóða þskj. 585 með þessum breytingum:

15. gr. hljóðar svo:

Samgönguráðuneytið getur, að fengnum umsögnum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Stýrimannaskólans í Reykjavík, heimilað þeim erlendum ríkisborgurum, sem lokið hafa skipstjórnarnámi við íslenskan skóla, eða sambærilegan erlendan skóla, að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að fullnægðum öðrum skilyrðum, þó ekki skipstjóra-skírteini.

Á sama hátt getur samgönguráðuneytið, að fenginni umsögn Stýrimannaskólans í Reykjavík, heimilað þeim íslenskum ríkisborgurum, sem lokið hafa skipstjórnarnámi við erlenda skóla, að fá útgefið viðeigandi atvinnuskírteini, að uppfylltum öðrum skilyrðum.

#### VII. KAFLI

16. gr. hljóðar svo:

Samgönguráðherra skipar mönnunarnefnd, sem hefur heimild til þess:

1. Að ákveða frávík frá ákvæðum laganna um fjölda skipstjórnarmanna, eftir því sem tilefni gefst til, með tilliti til hagræðingarráðstafana, tæknibúnaðar, gerðar og/eða verkefnis skips.

2. Að heimila tímabundna breytingu á mönnun skips til reynslu, með skilyrðum, sem nefndin setur. Reynslutími sé þó ekki lengur en til 6 mánaða í senn.

Í framangreindum tilvikum skal nefndin leita umsagnar Siglingamálastofnunar varðandi öryggi og búnað skips.

17. gr. hljóðar svo:

Í mönnunarnefnd eiga sæti fulltrúar hagsmunaaðila að jöfnu, eftir tilnefningu viðkomandi samtaka.

Skipaður skal varafulltrúi hvers aðalfulltrúa á sama hátt.

Hæstiréttur Íslands skipar formann og varaformann nefndarinnar án tilnefningar og skulu þeir uppfylla almenn dómaraskilyrði.

Nánari reglur um skipan og starfshætti mönnunarnefndar setur samgönguráðherra með reglugerð.

18. gr. hljóðar svo:

Ef skortur er á mönnum með nægileg réttindi, má eftir ósk útgerðarmanns eða skipstjóra viðkomandi skips, veita manni, sem ekki fullnægir skilyrðum laga þessara, með undanþágu rétt til starfa á tilteknu skipi eða gerð skipa um takmarkaðan tíma, þó eigi lengur en 6 mánuði í senn.

Undanþágur samkvæmt 1. mgr. veitir fimm manna nefnd, sem samgönguráðherra skipar til að fjalla um þess háttar mál. Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar tilnefndir af fulltrúum útgerðaraðila og tveir fulltrúar tilnefndir af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, en formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar. Nefndin semur sér starfsreglur, sem hún lætur birta með fullnægjandi hætti. Nú synjar nefndin umsókn um undanþágu og getur umsækjandi þá borið ákvörðun nefndarinnar undir samgönguráðherra, sem leggur endanlegan úrskurð á málið.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð gjald fyrir veittar undanþágur, sem viðkomandi undanþáguhafi greiðir, er renna skal í sérstakan sjóð sem hafi það að markmiði að veita lán og/eða styrk til þeirra undanþáguhafa sem fara í nám til öflunar starfsréttinda. Undanþegnir gjaldinu eru þeir sem lokið hafa fyllsta skólanámi til viðkomandi starfs.

19. gr. hljóðar svo:

Samgönguráðherra setur reglur um skilyrði varðandi sjón, heyrn og heilbrigði skipstjórnarmannanna.

20. gr. hljóðar svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum. Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

21. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 69 30. apríl 1973 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta kynnu í bága við lög þessi.

#### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Ákvæði um atvinnuréttindi samkvæmt 4., 7. og 8. gr. taka gildi frá og með 1. janúar 1985.